

Samningur um tengingu við flutningskerfi Landsnets

milli

Landsnets hf

og

NN

Þessi samningur um tengingu við flutningsnet Landsnets hf (hér eftir kallaður „samningurinn“) er gerður á milli:

- (1) Landsnets hf., kt. 580804-2410, Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík (hér eftir einnig vísað til sem „Landsnet“), og
- (2) NN kt. xxxxxx-xxxx, heimilisfang (hér eftir einnig vísað til sem „Viðskiptavinur“).

Vísað er til framangreindra sem „aðila“ og skal hvor um sig vera „aðili“. Tilvísun til aðila í þessum samningi skal jafnframt teljast vera tilvísun til þess sem tekur við af honum og löglegra framsalshafa:

Inngangur

ÞAR SEM Landsnet hf. (hér eftir nefnt Landsnet) tekur þann 1. janúar 2005 við rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnun, eins og það er skilgreint í raforkulögum nr. 65/2003 með síðari breytingum (hér eftir nefnd raforkulög).

ÞAR SEM Landsneti ber samkvæmt raforkulögum að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði til tengingar, greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum gjaldskrár og sjónarmið um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins mæla ekki gegn tengingu.

ÞAR SEM, aðilum sem tengjast vilja flutningskerfinu ber skv. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga og reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 511/2003 að gera sérstakan samning við Landsnet sem fjallar um réttindi og skyldur aðila varðandi tengingu Viðskiptavinar við flutningskerfi Landsnets.

ÞAR SEM Viðskiptavini er kunnugt um að nákvæmir skilmálar fyrir kerfisstjórnun hafa enn ekki verið settir á grundvelli 6. mgr. 9. gr. raforkulaga, en munu engu að síður teljast hluti þessa samnings. Viðskiptavinur samþykkir ennfrémur að ef ákvæði þessa samnings gangi í berhögg við birta skilmála, eins og þeir kunna að vera á hverjum tíma, skulu skilmálarnir ganga framur ákvæðum þessa samnings.

VEGNA ALLS FRAMANGREINDS hafa aðilar samþykkt eftirfarandi:

1 Umfang samnings og skyldur aðila

Skyldur aðila eru samkvæmt II. kafla reglugerðar um kerfisstjórnun í raforkukerfinu nr. 513/2003 auk þeirra skyldna sem tilgreindar eru í þessari grein.

a. Landsnet tekur að sér eftirfarandi grundvallarskyldur:

- að tengja Viðskiptavin við flutningskerfið,
- að taka á móti og afhenda rafmagn til eða frá Viðskiptavini samkvæmt þeim takmörkunum sem getið er um í viðauka A við samning þennan sem þriggja fasa riðstraum með sem næst 50 riðum á sekúndu. Sveiflur í spennu við úttekt skulu ekki fara fram úr plús fimm af hundraði (5%) eða mínus níu af hundraði (9%) við venjulegar rekstraraðstæður. Um gæði rafmagns fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi nr. 1048/2004,
- að halda þeim rekstrareiningum flutningskerfisins sem nauðsynlegar eru til afhendingar rafmagnsins í öruggu og rekstrarhæfu ástandi á hverjum tíma,
- að lagfæra án tafar alla galla á rekstrareiningum sínum, sem rýra eða rjúfa flutning rafmagns milli aðila er tengdir eru flutningskerfinu,

- að sjá um mælingu raforku inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við raforkulög, reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004, og skilmála Landsnets um flutning raforku og kerfisstjórnun,
- b. Viðskiptavinur tekur að sér eftirfarandi grundvallarskyldur:
- að uppfylla þau tæknilegu skilyrði sem löggjöf og skilmálar Landsnets setja fyrir tengingu við flutningskerfið,
 - að láta Landsneti, ef mælistaður er í stöð Viðskiptavinar, í té rúm fyrir mælitæki og mælispenna Landsnets og leggja að þeim nauðsynlegar leiðslur, hvort tveggja Landsneti að kostnaðarlausu,
 - að veita Landsneti aðgang að rekstrareiningum sínum hvenær sem er til eftirlits og prófana með búnaði, mælitækjum o.fl.,
 - að tilkynna Landsneti tímanlega allar fyrirætlanir sínar um breytingar á rekstrareiningum er varða framkvæmd samnings þessa,
 - að halda rekstrareiningum sínum og búnaði sem tengist flutningskerfinu í góðu lagi í samræmi við gildandi lög og reglur, þ.a. ekki valdi truflunum eða tjóni á flutningskerfinu eða búnaði tengdu því,
 - að lagfæra án tafar alla galla á rekstrareiningum sínum, sem rýra eða rjúfa flutning rafmagns milli aðila er tengdir eru flutningskerfi Landsnets,
 - að ráða tafarlaust bót á orsökum rofs eða truflunar á rafmagnsafhengingu, sem stafar af göllum eða vanhvirðu á rekstrareiningum eða búnaði, sem eru tengd við rekstrareiningar Viðskiptavinar og í eigu hans eða viðskiptavina hans. Viðskiptavini ber að tilkynna Landsneti þegar í stað, hvenær truflunar hefur orðið vart og því næst, hvenær úr henni hefur verið bætt. Viðskiptavinur á ekki rétt á niðurfellingu gjalda vegna rofs af þessum orsökum,
 - að veita Landsneti aðgang að rekstrareiningum sínum til skoðunar eða prófunar áður en rekstrareiningarnar eru tengdar flutningskerfinu,
 - að gera þær breytingar á rekstrareiningunum, áður en þær eru tengdar, sem Landsnet telur nauðsynlegar til þess að tryggja öruggan rekstur.
- c. Eigendum mannvirkja sem tengjast flutningskerfinu ber að tryggja að varnar- og reglunarbúnaður sé í samræmi við kröfur Landsnets eins og þær eru á hverjum tíma.
- d. Sé Viðskiptavinur dreifiveita tekur hann ennfremur að sér eftirfarandi grundvallarskyldur:
- að ábyrgjast að halda skrá yfir einstaka notendur og hvaða sölufyrirtæki þeir tilheyra, að senda Landsneti mæligögn yfir heildarraforkunotkun innan síns dreifikerfis, sundurliðuð eftir einstökum söluaðilum ásamt dreifingartöpum.
 - Gögn þessi skulu vera á því formi sem Landsnet óskar. Mæligögn og mælitæki skulu vera í samræmi við reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004.

Framkvæmd og skyldur aðila samkvæmt samningi þessum skulu vera í samræmi við skilmála Landsnets um flutning rafmagns og kerfisstjórnun eins og slíkir skilmálar kunna að vera á hverjum tíma. Skilmálarnir eru hluti þessa samnings. Ef ákvæði þessa samnings ganga í berhögg við skilmálana, eins og þeir kunna að vera á hverjum tíma, skulu skilmálarnir ganga framar ákvæðum þessa samnings. Verði gerðar breytingar á skilmálunum mun viðskiptavini verða tilkynnt um það með 7 daga fyrirvara og verða skilmálarnir eins og þeim hefur verið breytt hluti þessa samnings frá og með gildistöku þeirra.

2 Afhendingarstaðir

Landsnet tekur við rafmagn frá þeim vinnslueiningum og í því magni sem tilgreint er í viðauka A og/eða afhendir rafmagn í því magni og á þeim stöðum og sem tilgreindir eru sem úttektarstaðir í viðauka A. Séu fleiri en einn mælir fyrir á afhendingarstað skal skilgreint í viðauka A hvaða mælir skal notaður til skuldfærslu.

3 Verð og greiðslufyrirkomulag

Viðskiptavinur skal greiða fyrir tengingu og flutning raforku samkvæmt gjaldskrá Landsnets á hverjum tíma og sem nánar er kveðið á um í 5. gr. skilmála fyrir flutning raforku og kerfisstjórnun.

4 Vanefndir

Brot á samningi þessum telst vera vanefnd. Ennfremur skal brot gegn tilheyrandi reglugerðum, lögum og skilmálum teljast vera vanefnd á þessum samningi og hafa sömu réttaráhrif.

Hafi Viðskiptavinur brotið gegn samningi þessum, ber Landsneti að senda skriflega áminningu um úrbætur sem skal send í samræmi við 11. gr. þessa samnings. Hafi Viðskiptavinur ekkert aðhafst innan 20 daga er Landsneti heimilt að rifta samningi þessum án frekari fyrirvara eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga.

Sé vanefnd Viðskiptavinar veruleg er Landsneti heimilt að rifta samningi þessum með 10 daga fyrirvara, eða óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga.

Meðal þess sem telst veruleg vanefnd er eftirfarandi:

- Viðskiptavinur fer af ásetningu eða stórfelldu gáleysi ítrekað út fyrir þau mörk í aflflutningi sem sett eru fram í viðauka A.
- Viðskiptavinur stendur ítrekað ekki í skilum með greiðslur til Landsnets.
- Ítrekuð vanefnd af hálfu Viðskiptavinar á greiðslum samkvæmt samningi þessum.
- Viðskiptavinur sinnir ekki kröfum Landsnets um úrbætur innan þess frests sem Landsnet gaf honum.

Komi til riftunar samnings mun Landsnet rjúfa tengingu rafmagns til Viðskiptavinar, þar til leiðrétting hefur fengist eða úrbætur gerðar. Eigi skal veita neinn frádrátt á umsömdum greiðslum vegna slíks rofs á afhendingu.

Við riftun samnings mun Landsnet svo fljótt sem auðið er senda tilkynningu til Orkustofnunar og annarra viðskiptavina sem Viðskiptavinur hafði viðskiptasambönd við.

5 Óviðráðanleg öfl (force majeure)

Ákvæði 9. gr. varðandi óviðráðanleg öfl í skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum.

6 Afhendingarrof og takmarkanir

Verði Landsneti ókleift af atvikum, sem það fær ekki ráðið við (force majeure), sbr. 5. gr. að tryggja flutning rafmagns til eða frá Viðskiptavini, er Landsnet laust undan samningsskyldu sinni til flutnings á rafmagn að svo miklu leyti, sem slík atvik valda. Hins vegar skal Landsnet, eins fljótt og auðið er, gera það, sem í þess valdi stendur og réttmætt getur talist vegna kostnaðar til þess að ráða bót á slíkum atvikum.

Sjái Landsnet fyrir, að truflanir muni verða á flutningi rafmagns skal það eins fljótt og unnt er gera Viðskiptavinum aðvart um það.

Landsnet mun grípa til skömmunar raforku til dreifiveitna og notenda ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn, sbr. 9. gr raforkulaga. Landsnet ber ekki kostnað Viðskiptavinar sem af skömmun hlýst. Við skömmun skal Landsnet gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

Landsnet hefur rétt til þess að rjúfa um stundarsakir flutning rafmagns vegna nauðsynlegrar vinnu við rekstrareiningar þess. Rofið skal vera eins skammvinnu og frekast er auðið og á þeim tímum sólarhrings að það valdi hlutaðeigandi viðskiptavinum sem minnstum óþægindum. Landsnet skal, ef kostur er, tilkynna Viðskiptavinum fyrirhugað rof með hæfilegum fyrirvara.

Landsneti er heimilt að rjúfa afhendingu rafmagns fyrirvaralaust, ef lífshætta liggur við eða verulegar skemmdir á eignum.

Landsneti er einnig heimilt að rjúfa flutning eða skerða afhendingu rafmagns í samræmi við ákvæði skilmála fyrir flutning raforku og kerfisstjórnun.

7 Bótaskylda

Auk 8. gr. varðandi ábyrgð í skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum eftirfarandi ákvæði.

Landsnet er ekki skaðabótaskyld vegna afhendingarrofa eða takmarkana á afhendingu rafmagns, sem verða eða gripið er til samkvæmt 5. og 6. gr. þessa samnings.

Viðskiptavinur á ekki rétt á bótum vegna truflana eða takmarkana á flutningi rafmagns um flutningsnet Landsnets af öðrum atvikum, nema sannað sé, að takmörkun eða truflun hafi orðið vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis af hendi Landsnets.

Verði tjón af völdum straums frá kerfi Viðskiptavinar eða rekstrareiningum tengdum við það, skal Viðskiptavinur bera ábyrgð á því og bæta Landsneti þann kostnað, sem það kanna að hafa orðið fyrir, enda eigi Landsnet ekki sök á tjóninu.

8 Framsal

Viðskiptavinur má ekki framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án samþykkis Landsnets.

9 Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2005 og þar til honum er sagt upp með mánaðarfyrirvara af öðrum hvorum aðilanum.

10 Úrlausn ágreinings

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála

þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.

Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

11 Upplýsingaskylda

Aðilar skulu miðla hvor öðrum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd þessa samnings. Upplýsingum skal miðlað án óþarfa tafa. Eftirfarandi aðilar skulu vera tengiliðir og skal upplýsingaskylda vera fullnægt ef upplýsingar eru sendar með tölvupósti eða með hefðbundnum ábyrgðarpósti.

Viðskiptavinur:	Landsnet:
Nafn viðtakanda:	Nafn viðtakanda:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Netfang:	Netfang:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr þessa ákvæðis ber aðilum að tilgreina sérstaka tengiliði sem á hverjum tíma annast uppgjör og önnur dagleg samskipti vegna framkvæmdar þessa samnings.

Aðilum ber að tilkynna gagnaðila um allar breytingar á ofangreindum upplýsingum.

12 Gagnaleynd – Trúnaður

Ákvæði 11. gr. varðandi þagnarskyldu í skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum.

13 Samningseintök

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, þann, þann
.....
Landsnet hf.	NN
.....
Endurtekið með hástöfum	Endurtekið með hástöfum

Viðaukar

Viðauki A: Listi yfir afhendingarstaði ásamt aflmörkum og mælistað